

AUGLÝSING

um friðland við Varmárósa.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellsbæ, og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að norðan eru mörkin dregin frá hugsuðum punkti 100 m norður af odda Hestþinghóls og eftir aðalál Varmár austur að punkti merktum 1 ($x = 10876.30$, $y = 21520.86$) á korti við skurð, er liggur að Varmá 45 m austan við Skiphól. Að austan eru mörkin dregin frá fyrrnefndum punkti og í punkt 2 ($x = 11040.49$, $y = 21273.76$), suðvestur af hesthúsunum. Frá þessum stað liggja mörkin í beina línu til norðvesturs um hugsaðan punkt 3 ($x = 11220.32$, $y = 21343.70$), þaðan í punkt 4 ($x = 11232.48$, $y = 21387.40$), í punkt 5 ($x = 11268.82$, $y = 21440.44$), í punkt 6 ($x = 11310.64$, $y = 21457.60$), í punkt 7 ($x = 11345.92$, $y = 21466.31$) og áfram 50 m í sömu stefnu til sjávar og hugsuðum punkti vestan Hestþinghóls. Að vestan eru mörkin dregin frá þessum stað til norðurs að upphafspunkti. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis).

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi, eru bannaðar.
2. Gangandi og ríðandi mönnum er heimil för um friðlandið, þannig að ekki brjóti í bága við friðlýsinguna. Ekki má nota vélknúin farartæki í friðlandinu.
3. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og fara um friðlandið með skotvopn. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu.
4. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Mosfellsbæjar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaganna.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 453/1980 um friðland við Varmárósa.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson.

Fylgiskjal.

